

RÖÐFLETTIVÉL



( Áður fjölritað 1971 )

Gerð : Trio FDS

Stærð : Grunnflötur 1170 x 2590 mm ; hæð 1400 mm

Þyngd : Ca. 850 kg

Vélin vinnur þannig, að flökin eru lögð á gúmmíbelti, sem samsett er úr gúmmíreimum. Gúmmíbeltinu er þrýst upp að sívalning, sem kældur er með frystivélum. Sívalningurinn og gúmmíbeltið snúast saman (sbr. meðfylgjandi teikningu).



RÖDFLETTINGARVÉL-TRIO-gerð: FDS.

Flökin eru lögð þannig á gúmmíbeltið, að roðið snýr upp. Þegar beltíð flytur flökin undir frystisívalninginn, frjósa flökin föst við hann. Sérstakur hnífur sker flakið frá roðinu og er roðið síðan skafið af sívalningnum.

Flök af ýmsum fisktegundum voru roðflett í vélinni og borin saman við flök, sem roðflett voru í roðflettivél af gerðinni Baader 47.

Niðurstöður þessa samanburðar voru eftirfarandi :

<u>Ýsa (meðalstærð):</u>	<u>Baader 47</u>	<u>Trio</u>
Flök m. roði .....	100 kg	100 kg
Roð .....	11.3 kg	13.2 kg
Roðflett flök .....	88.7 kg	86.8 kg
Roðblettir/100 kg roðflett flök .....	engir	165

Pakkanýting

Neytendapakningar .....	18.4 kg	28.8 kg
Blokk .....	58.5 kg	47.4 kg
Úrsk. + þunnildi .....	10.9 kg	9.9 kg

Smáýsa:

	<u>Baader 47</u>	<u>Trio</u>
Flök með roði .....	100 kg	100 kg
Roð .....	10.79 kg	12.65 kg
Roðflett flök .....	89.21 kg	87.35 kg
Roðblettir/100 kg roðflett flök .....	engir	270

Pakkanýting

Neytendapakningar .....	34.56 kg	40.64 kg
Blokk .....	43.79 kg	35.23 kg
Úrsk. + þunnildi .....	10.29 kg	11.20 kg

<u>Ufsi (meðalstærð):</u>	<u>Baader 47</u>	<u>Trio</u>
Flök með roði .....	100 kg	100 kg
Roð .....	9.1 kg	13.4 kg
Roðflett flök .....	90.9 kg	86.6 kg
Roðblettir/100 kg roðflett flök .....	6	113

Pakkanýting

Neytendapakningar .....	37.6 kg	39.2 kg
Blokk .....	31.8 kg	25.9 kg
Þunnildi .....	10.6 kg	9.3 kg
Úrskurður .....	10.7 kg	11.7 kg

<u>Koli:</u>	<u>Baader 47</u>	<u>Trio</u>
--------------	------------------	-------------

Flök með roði .....	100 kg	100 kg
Roð og rafabelti .....	27.8 kg	29.1 kg
Roðflett rafabeltislaus flök .....	72.2 kg	70.9 kg
Roðblettir/100 kg roðflett flök .....	engir	615

<u>Langa:</u>	<u>Baader 47</u>	<u>Trio</u>
---------------	------------------	-------------

Flök með roði .....	100 kg	100 kg
Roð .....	12.5 kg	15.7 kg
Roðflett flök .....	87.5 kg	84.3 kg
Roðblettir/100 kg roðflett flök .....	engir	65

<u>Karfi:</u>	<u>Baader 47</u>	<u>Trio</u>
---------------	------------------	-------------

Flök með roði .....	100 kg	100 kg
Roð .....	8.5 kg	8.2 kg
Roðflett flök .....	91.5 kg	91.8 kg
Roðblettir/100 kg roðflett flök .....	engir	392

<u>Steinbítur:</u>	<u>Baader 47</u>	<u>Trio</u>
--------------------	------------------	-------------

Flök með roði .....	100 kg	100 kg
Roð .....	12.9 kg	15.5 kg
Roðflett flök .....	87.1 kg	84.5 kg
Roðblettir/100 kg roðflett flök .....	13	67

## Saltsíld:

Saltsíldarflök voru roðflett í Trio-vélinni. Vélin fjarlægði ætíð silfurhúðina af flakinu með roðinu. Flestir eða allir núverandi kaupendur saltsíldar vilja að silfurhúðin verði eftir á flakinu, er síldin er roðflett.

-----

Heildarnýting af roðflettum flökum er lélegri frá Triovélinni heldur en Baader 47 vélinni. Hins vegar fer hlutfallslega meira af þeim roðflettu flökum, sem fást úr Trio-vélinni í neytendaumbúðir en úr Baader-vélinni.

Hnífurinn, sem sker roðið frá flakinu á Baader-vélinni, vibrerar og hristist því flakið og eykst í því los við roðflettinguna. Þessu er ekki til að dreifa á Trio-vélinni.

Svo sem niðurstöður bera með sér, er megingalli Trio-vélarinnar sá, að roðblettir verða eftir á roðflettu flökunum.

Hnífurinn, sem sker roðið af flakinu, er stillanlegur, þannig að hægt er að hafa hann í hvaða fjarlægð sem óskað er frá frystitromlunni. Sé hann hafður það fjarri tromlunni, að engir roðblettir verði eftir á flakinu, þá fylgir mjög þykkt fisklag roðinu.

Mjög erfitt er að fá jafnan skurðflöt rétt innan við roðið. Hætta er á, að ýmist verði roðblettir eftir á flakinu eða lag af fiskholdi fylgi roðinu. Hvort tveggja getur skeð á sama flaki, án þess að stillingu hnífsins sé breytt. Roðblettirnir geta verið hvar sem er á flakinu, en algengastir eru þeir á mörkum þunnilda og flaks.

Heildarverðmæti afurða úr flökum með roði er yfirleitt nokkuð svipað frá báðum vélunum miðað við verðlag í ársbyrjun 1971. Er þá ekki tekið tillit til roðblettanna, en mikil fyrirhöfn er að fjarlægja þá af flökunum. Væru þeir á þunnildi, komu oft göt á þau, er blettirnir voru fjarlægðir.

Þennan galla á Trio-vélinni yrði að lagfæra, ef nota ætti hana í rekstri.

Það er kostur við Trio-vélina, að lítill hávaði kemur frá henni, er hún vinnur.

Jóhann Guðmundsson